

Sportköfunarskóli Íslands ehf. / Dive.is
Hólmaslóð 2
101 Reykjavík

Reykjavík, 29. ágúst 2019
UST201908-081/H.H.
09.06.01

Efni: Umsókn um kvikmyndatökuleyfi - Gullfoss og Geysir

Umhverfisstofnun hefur móttækið umsókn Sportköfunarskóla Íslands ehf. / Dive.is, dagsett 12. ágúst með viðbótargögnum sem bárust, 22. ágúst, um leyfi fyrir drónaflugi við Gullfoss og Geysi.

Gullfoss er friðlýstur sem friðland sbr. auglýsing nr. 141/1979. Óheimilt er að skerða gróður, trufla dýralíf og skemma jarðmyndanir nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Samkvæmt stjórnunar- og verndaráætlun friðlandsins er flug ómannaðra loftfara óheimilt á svæðinu nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Geysir er á náttúruminjaskrá og í umsjón Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Um er að ræða drónatökur við Gullfoss og Geysi. Einn einstaklingur kemur að verkefninu. Flugið verður í 120 metra hæð til að ná loftmyndum af báðum svæðinum. Reynt verður að takmarka truflun sem verkefnið hefur á ferðamenn á svæðunum. Ekki verður þörf á að vera út fyrir stíga á svæðunum. Verkefnið mun fara fram í lok ágúst / byrjun september og taka einn dag.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur drónaflugið ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufar eða verndargildi svæðisins. Gestir geta orðið fyrir tímabundinni trufluð á meðan verkefnið stendur yfir. Hægt er að takmarka þá truflun með almenni tillitsemi og halda flugtíma í lámarki.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Sportköfunarskóla Íslands ehf / Dive.is fyrir sitt leyti leyfi fyrir dróna flugi við Gullfoss og Geysi sbr. lýsingu hér að ofan að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.

- Einungis skal gengið eftir merktum göngustígum og óheimilt er að fara inn á lokuð svæði.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum eða fuglum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki og það skal fara fram utan þess tíma sem flestir gestir eru á svæðinu.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ekki skal skilja eftir hluta loftfarsins á svæðinu heldur finna og endurheimta loftfarið og alla hluta þess ef það brotlendir eða bilar.
- **Af öryggisástæðum er óheimilt að fljúga ómönnuðu loftfari undir 50 m yfir Strokki.**
- Af öryggisástæðum skal sá sem stjórnar ómönnuðu loftfari klæðast merktum fatnaði svo hægt sé að auðkenna viðkomandi.
- Ganga á snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlæggt.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Allur akstur utan vega er bannaður.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 990/2017

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfsrækslu fjarstýrðra loftfara.

Umhverfisstofnun bendir á að dróna sem notaðir eru í atvinnuskyni þarf að skrá sérstaklega hjá Samgöngustofu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um kvikmyndagerð og/eða ljósmyndatöku er kr. 52.600.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun kann að hafa eftirlit með verkefninu. Eftirlitið yrði framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst,

Hildur Hafbergsd.

Hildur Hafbergsdóttir
sérfræðingur

Valdimar Kristjánsson

Valdimar Kristjánsson
sérfræðingur